

Kjartan Jónsson
Dunkur,
371 Búðardalur

Mosfellsbæ, 27. apríl 2016
2016 02044 fb

Kynning á tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraðastaði 1, land nr. 123668

Eigandi ofangreindrar lóðar, Jóhannes Sturlaugsson, hefur óskað eftir því við Mosfellsbæ að hann taki til meðferðar tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina, sem geri honum kleift að byggja tvö hús á norðurhluta hennar til að nota í þágu starfsemi sem hann stundar, að hámarki 45 m² hvort, einnar hæðar með bröttu mænispaki. Tillagan liggur nú fyrir og hefur undirrituðum verið falið að kynna hana fyrir þeim sem eiga hagsmuna að gæta í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga, en þar segir m.a.:

„Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.“

Í þessu tilviki er litið svo á að fullnægjandi sé að kynna tillöguna bréflega fyrir næstu nágroñnum/eigendum aðliggjandi lóða..

Til skýringar má geta þess að afmörkun skipulagssvæðisins í tillögunni byggist á því að bæði austan og vestan þess er fyrir hendi deiliskipulag; þ.e. fyrir Helgadalsveg 3-7 frá 2006 og fyrir Hraðastaðaveg 3-11 frá 2003. Eðlilegt þykir að skipulagstillagan „loki“ svæðinu þar á milli, og því nær skipulagssvæðið yfir stærra svæði en sjálfa lóðina, þ.e. einnig yfir opið svæði umhverfis hana og vegarstæði Hraðastaðavegar á kafla. Tillagan felur þó ekki í sér neina breytingu á stöðu mála nema hvað varðar umrædda byggingarmöguleika á lóðinni.

Deiliskipulagstillagan fylgir með bréfi þessu í minnkaðri útgáfu. Undirritaður veitir gjarnan nánari upplýsingar um málið ef óskað verður, í símatíma frá kl. 10-11 og í viðtalstíma frá kl. 11-12 alla virka daga.

Ábendingar og athugasemdir ef einhverjar eru óskast sendar undirrituðum í síðasta lagi 13. maí n.k.

Virðingarfyllst,

Finnur Birgisson
skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
finnur@mos.is

Meðfylgjandi: Minnkaður uppdráttur: Tillaga að deiliskipulagi